**353. fundur bæjarráðs Snæfellsbæjar, haldinn miðvikudaginn 18. september 2024 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 12:00.**

**Mættir:**

Júníana Björg Óttarsdóttir
Auður Kjartansdóttir
Fríða Sveinsdóttir
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Formaður bæjarráðs setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn. Var að svo búnu gengið beint til boðaðrar dagskrár.

**Dagskrá:**

1) **Bréf frá SSV, dags. 5. september 2024, varðandi slökkvilið á Vesturlandi.**
Lagt fram til kynningar.

2) **Bréf frá Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga, dags. 9. september 2024, varðandi drög að reglum um stuðningsþjónustu sveitarfélaga.**
Bæjaráð vísaði drögunum til frekari umræðu í bæjarstjórn.

3) **Bréf frá foreldrafélögum leikskóla Snæfellsbæjar, dags. 11. september 2024, varðandi sameiningu jafnaldra í leikskólanum.**
Bæjarráð þakkar fyrir bréfið og vísaði erindinu til frekari umræðu í bæjarstjórn.

4) **Bréf frá leikskólastjóra, dags. 27. ágúst 2024, varðandi aukið stöðugildi vegna stuðnings. TRÚNAÐARMÁL. Gögn lögð fram á fundinum.**
Bæjarráð samþykkti samhljóða að fresta afgreiðslu erindisins til næsta bæjarráðsfundar og kalla leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra inn á fundinn.

5) **Minnispunktar bæjarstjóra.**
a) Bæjarstjóri fór yfir staðgreiðsluyfirlitið eins og það stendur í dag.
b) Bæjarstjóri sagði frá því að finna þyrfti tíma fyrir kynningu frá Sævari Helga um sólmyrkva 2026.
c) Bæjarstjóri fór yfir lýsingu á Erró og hugmyndir að dagsetningu þegar verkið verður formlega vígt.
d) Bæjarstjóri sagði frá samtali við Orkusöluna um raforkusölu.
e) Bæjarstjóri minnti á heimsókn Geðlestarinnar í Snæfellsbæ, en hún verður í Klifi þann 1. október kl. 20:00
f) Heimsókn Færeyinganna tókst mjög vel í síðustu viku.
g) Bæjarráð fagnar því hversu góð mæting var af foreldrum leikskólans og grunnskólans í gær þar sem farið var yfir mikilvægi góðs foreldrasamstarfs og gerður var farsældarsáttmáli.

**Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:48**

Júníana Björg Óttarsdóttir

Auður Kjartansdóttir

Fríða Sveinsdóttir

Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

Lilja Ólafardóttir, bæjarritari